



Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
nefundasvid@althingi.is

Reykjavík, 1. mars 2017

Efni: Tillaga til þingsályktunar um starfshóp um keðjuábyrgð, mál 69.

Tillagan gerir ráð fyrir að innleidd verði í lög almenn ábyrgð verkkaupa og aðalverktaka á launum starfsmanna verktaka. Starfsmenn eigi því ekki eingöngu kröfu á sinn vinnuveitanda um efndir launa heldur geti einnig beint þeirri kröfu að þeim sem samið hefur við verktakann um framkvæmd verks.

Að mati Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins (hér eftir „**samtökin**“) getur svo víðtæk ábyrgð á launum starfsmanna verktaka verið mjög skaðleg fyrir atvinnulífið og gengur hún einnig þvert á þá meginreglu samningaréttar að kröfur innan samninga verði einungis byggðar á beinu samningssambandi. Almenn ábyrgð mun sérstaklega hamlu nýjum fyrirtækjum sem ekki hafa náð að sanna sig á markaði. Þeim yrði gert að leggja fram dýrar tryggingar sem verkkaupar gætu gengið að komi til vanefnda á launum.

Verði vanefnd á launum starfsmanna íslenskra fyrirtækja geta starfsmenn við gjaldprot beint kröfum að Ábyrgðasjóði launa. Auk þess eru starfsmenn íslenskra fyrirtækja að öllu jöfnu félagsmenn í stéttarfélögum sem aðstoða þá við innheimtu vangoldinna launa. Það eru því að mati samtakanna engin haldbær rök fyrir íþyngjandi ábyrgð verkkaupa á launum starfsmanna íslenskra verktaka.

Svokölluð keðjuábyrgð hefur hins vegar verið til umræðu í tengslum við erlend fyrirtæki sem senda starfsmenn til Íslands á grundvelli þjónustusamninga. Í tilskipun ESB 2014/67 er sjónum sérstaklega beint að byggingariðnaði og aðildarríkjunum gert að grípa til ráðstafana til að vernda útsenda starfsmenn í þeirri atvinnugrein. Nú er að störfum starfshópur félags- og jafnréttisráðherra sem vinnur að innleiðingu þessarar tilskipunar og leggur hann nú lokahönd á tillögur til ráðherra um innleiðingu ábyrgðar á launum útsendra starfsmanna í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð. Í þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar vegna 146. lögjafarþings er gert ráð fyrir að lagt verði fram frumvarp um breytingu á lögum nr. 45/2007, m.a. til að innleiða framangreinda tilskipun.

Samtökin telja því að nú þegar sé að ljúka vinnu vegna innleiðingar keðjuábyrgðar sem tekur á þeim vandamálum sem upp hafa komið undanfarin misseri. Samtökin lýsa sig andsnúin samþykkt framlagðrar tillögu til þingsályktunar sem gengur lengra en sú sátt sem nú er unnið að með aðkomu aðila vinnumarkaðarins.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Ragnar Arnason, hdl.
Forstöðumaður vinnumarkaðssviðs

F.h. Samtaka iðnaðarins

Árni Jóhannsson
Sviðsstjóri mannvirkjasviðs